



Alþýðusamband Íslands

Ályktun 40. þings ASÍ um svarta atvinnustarfsemi og félagsleg undirboð

40. þing ASÍ lýsir miklum áhyggjum yfir aukinni svartri atvinnustarfsemi og kennitölufлакki, m.a. í ferðapjónustu, garðyrkjurækt, ýmiskonar persónulegri þjónustu og byggingariðnaði. Fyrirtæki og einstaklingar sem taka þátt í slíku valda alvarlegum og víðtækum skaða fyrir samfélagið, atvinnulífið og réttindi launafólks. Þingið lýsir jafnframt yfir þungum áhyggjum sínum yfir misnotkun á mikilvægum réttindum launafólks í atvinnuleysisbótakerfinu í þessu sambandi.

40. þing ASÍ telur afar mikilvægt að verkalýðshreyfingin, samtök atvinnurekenda og stjórnvöld sameinist um að beita öllum tiltækum ráðum til að koma í veg fyrir svarta atvinnustarfsemi og kennitöluflack, m.a. þar sem þeir sem standa að slíkri refsiverðri starfsemi verð dregnir til ábyrgðar og beittir þungum viðurlögum.

40. þing ASÍ telur mikilvægt að unnið verði gegn þeirri þróun sem átt hefur sér stað á undanförunum árum að fyrirtæki í samkeppnisrekstri komi sér undan þeim kjarasamningum, réttindum og skyldum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði með því að skrá fiskiskip og farskip undir hentifánum erlendis eða flytja hér inn vinnuafli undir yfirsýni sjálboðavinnu og áhugamennsku. Þingið telur mikilvægt að Alþýðusambandið hafi frumkvæði að samstarfi aðildarfélaganna til að uppræta þessa tegund félagslegra undirboða.